

1947

2

2

2. gr.

31. jan. 2. málsgr. 9. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. febrúar 1947, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 88 frá 30. nóv. 1946.

Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

3

L Ö G

31. jan.

um sölu verzlunarlóðarinnar á Sauðárkróki.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Sauðárkrókshreppi verzlunarlóðina á Sauðárkróki, eins og hún er ákveðin með lögum 28. nóv. 1919, og fari salan fram frá 1. jan. 1947 að telja.

Land það eða lóðir, sem Sauðárkrókshreppur eignast í þessum kaupum, er honum óheimilt að selja, en heimilt að leigja. Þó skal hreppnum skylt að afsala ríkinu á kostnaðarverði hluta af landi því eða lóðum, er hreppurinn eignast með lögum þessum, þurfi ríkið síðar á því að halda vegna opinberra framkvæmda. Um leigu til hreppsins eftir þann hluta verzlunarlóðarinnar, sem hreppurinn leigir öðrum, skal fara eftir reglugerð, er ríkisstjórnin staðfestir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.